

STJÓRNARTÍÐINDI A 16 — 1971

Nr. 83.

234

16. desember 1971.

L Ö G

um tekjur sveitarfélaga, samkvæmt gjaldskrárm og reglugerðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tekjur sveitarfélaga, sem miðast við fasteignamat, svo sem vatnsskattur, hol-ræsagjöld, gangstéttargjöld, sorphreinsunargjöld og lóðarleiga, skulu vera óbreytt í krónutölu frá því, sem nú er, þrátt fyrir gildistöku nýs fasteignamats, unz staðfestar hafa verið nýjar gjaldskrár og reglugerðir um tekjur þessar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Gjört í Reykjavík, 16. desember 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

Nr. 84.

17. desember 1971.

L Ö G

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðasti málsl. 3. gr. orðist svo: Þó skal óheimilt að flytja til landsins öl, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli.

2. gr.

Síðasti málsl. 8. gr. falli niður.